

Búnaðarsamband Suðurlands

Ársrit 2019

50. árgangur 1. tbl. 2020



BÚNAÐARSAMBAND SUÐURLANDS

Stofnað 6. júlí 1908

Búnaðarfélag 30, búgreinafélag 5, félagatala 1.159, nóv. 2020.

Aðalstjórn:

Gunnar Kr. Eiríksson, Túnsbergi, í stjórn frá 2008, formaður frá 2016.
Ragnar Lárusson, Stóra-Dal, í stjórn frá 2006.
Helgi Eggertsson, Kjarri, í stjórn frá 2017.
Erlendur Ingvarsson, Skarði, í stjórn frá 2012.
Björn Helgi Snorrason, Kálfafelli, í stjórn frá 2019.

Varastjórn:

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti.
Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti.
Borghildur Kristinsdóttir, Skarði.
Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum.
Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey.

Skoðunarmenn:

Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, frá 2014
Valdimar Guðjónsson, Gaulverjabæ, frá 2018.

Starfsfólk:

	Sími
Sveinn Sigurmundsson, frá 1983, frkv.stj. frá 1. okt. 1987	480-1801
Helga Sigurðardóttir, frá 1. sept. 1999	480-1804
Brynja Marvinsdóttir, frá 1. ágúst 2010	480-1800

Starfsmenn Bændabókhalds ehf.:

Ólafur Þór Þórarinsson, Selfossi	480-1802
Björg Agnarsdóttir, Selfossi	480-1832
Hansína Kristjánsdóttir, Selfossi	480-1831
Gunnar Ríkharðsson, Selfossi	480-1833
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti	486-8987
Sigrún Böðvarsdóttir, Prestsbakka	480-1819

Stóra-Ármót, bústjórar:

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson frá 1. sept 2001	482-1058
--	----------

Kynbótastöð ehf.

Starfsmenn Kynbótastöðvar og starfssvæði:

		Sími
Sveinn Sigurmundsson	Framkvæmdastjóri frá 1. maí 1996	480-1801
Bragi Ágústsson	Hluti Flóa, Skeið, vesturhluti Árnassýslu	871-2056
Úlfhéðinn Sigurmundsson	Hreppar, hluti Tungna	871-5563
Guðmundur Jón Skúlason	Rangárþing frá V-Landeyjum, hluti Flóa	871-8611
Hermann Árnason	Frá Vík að vesturhluta Landeyja	871-1410
Sigríður Böðvarsdóttir	Skaftárhreppur	871-4719

Klaufskurður:

Birkir Þrastarson, Hæli	897-4482
-------------------------	----------

Sauðfjársæðingar

Sveinn Sigurmundsson, umsjón frá 1. apríl 1986	480-1801
--	----------

Formenn búnaðar– og búgreinafélaga

Formenn búnaðarfélaga 2020:

	sími
Ölfus: Kjartan Þ. Ólafsson, Hlöðutúni, 816 Ölfus	482-2250
Grímsnes: Björn Snorrason, Björk, 801 Selfoss	486-4476
Bláskógabyggð: Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð, 804 Selfoss	486-8948
Hrunamannahr.: Benedikt Kristinn Ólafsson, Auðsholti 6, 846 Flúðir	552-8978
Gnúpverjahn.: Arnór Hans Þrándarson, Þrándarholti, 804 Selfoss	486-6038
Skeið: Jón Vilmundarson, Skeiðháholli, 804 Selfoss	486-5592
Hraungerðishr.: Ragnar Finnur Sigurðsson, Litla-Ármóti, 803 Selfoss	848-2336
Sandvíkurhr.: Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík, 801 Selfoss	482-3163
Eyrarbakkahr.: Jón Ingi Jónsson, Gamla Hrauni 2, 820 Eyrarbakki	486-6756
Stokkseyrarhr.: Björn Harðarson, Holti, 801 Selfoss	486-3407
Gaulverjabæjarhr.: Stefán Geirsson, Gerðum, 803 Selfoss	486-1007
Villingaholtsh.: Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki, 803 Selfoss	486-3345
Ásahreppur: Egill Sigurðsson, Berustöðum, 851 Hella	487-5068
Djúpárhreppur: Birkir Ármannsson, Brekku, 851 Hella	487-5646
Holt: Daníel Magnússon, Akbraut, 851 Hella	487-6562
Landsveit: Hannes Ólafsson, Austvaðsholti, 851 Hella	487-6597
Rangárvellir: Björgvin Reynir Helgason, Lambhaga, 851 Hella	487-8770
Hvolhreppur: Birkir Arnar Tómasson, Móeiðarhvoli 2, 861 Hvolsvöllur	487-8077
Fljótshlíð: Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum, 861 Hvolsvöllur	487-8380
V-Landeyjar: Berglind B. Gunnarsdóttir, Ey I, 861 Hvolsvöllur	487-8377
A-Landeyjar: Jóhann Nikulásen, Stóru-Hildisey 2, 861 Hvolsvöllur	487-8548
V-Eyjafjöll: Eyvindur Ágústsson, Stóru-Mörk, 861 Hvolsvöllur	487-5050
A-Eyjafjöll: Kristinn Stefánsson, Raufarfelli, 861 Hvolsvöllur	487-8866
Dyrhólahr.: Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey, 871 Vík	891-8349
Hvammsh.: Ingi Már Björnsson, Suður-Fossi, 871 Vík	487-1494
Álftaver: Páll Eggertsson, Mýrum, 881 Kirkjubæjarklaustur	487-1351
Skaftártunga: Bergur Sigfússon, Austurhlíð, 881 Kirkjubæjarklaustur	487-1366
Leiðvallahr.: Hörður Daði Björgvinsson, Efri-Ey, 881 Kirkjubæjarklaustur	487-4733
Kirkjubæjarhr.: Þórarinn Bjarnason, Þykkvabæ, 881 Kirkjubæjarklaustur	487-4704
Hörgslandsh.: Bjarki V. Guðnason, Maríubakka, 881 Kirkjubæjarklaustur	565-7839

Formenn búgreinafélaga á Suðurlandi:

Félag kúabænda Suðurlandi: Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu	487-1185
Félag sauðfjárbænda V-Skaftafellss.: Sæunn Káradóttir, Norðurhjáleigu	616-6848
Félag sauðfjárbænda Rangárvallasýslu: Ragnar M. Lárusson, Stóradal	487-8909
Félag sauðfjárbænda Árnessýslu: Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð 2	486-8948
Loðdýraræktarfélag Suðurlands: Hjalti Logason, Neðri-Dal	848-7785

Skýrsla formanns

All sérstök staða hefur verið á þessu ári vegna kórónaveiru sem skekur heimsbyggðina og höfum við hér á landi ekki farið varhluta af því. Af þeim sökum hefur aðalfundurinn frestast frá hefðbundnum tíma að vori til haustsins og haldinn sem fjarfundur.

Á árinu 2019 voru haldnir 6 stjórnarfundir. Aðalfundurinn var haldinn 12. apríl á Hótel Dyrhólaey. Kosið var um 1 stjórnarmann og 1 í varstjórn úr V-Skaftafellssýslu en Sigurjón Eyjólfsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, þökkum við honum fyrir vel unnin störf.

Vestur-Skaftafellingar gerðu að tillögu sinni að Björn H. Snorrason verði aðalmaður og Magnús Ö. Sigurjónsson varamaður, tillaga samþykkt.

Stjórn skipti með sér verkum, Gunnar formaður, Ragnar varaformaður, Björn ritari og Erlendur og Helgi meðstjórnendur.

Búnaðarþing var haldið 2. og 3. mars 2020 í Bændahöllinni. Eitt viðamesta verkefni Búnaðarþings var nýtt skipulag á félagskerfi landbúnaðarins. Félagskerfisnefnd var skipuð á Búnaðarþingi

2018. Nefndina skipuðu, Jóhann Nikulásson formaður, Jóna Björg Hlökkversdóttir og Þórhildur Þorsteinsdóttir.

Félagskerfisnefndin skilaði tillögu á Búnaðarþing. Búnaðarþing 2020 fól stjórn BÍ að ljúka endurskipulagningu á félagskerfi samtakanna. Við þá vinnu verði tillaga félagskerfisnefndar höfð til hliðsjónar en þær eru að mestu byggðar á danska félagskerfinu.

Um mitt sumar komu tillögur frá stjórn BÍ, en þar er lagt til að búnaðarsamböndin hafi ekki félagspólitískt vægi, því verði formlega aflétt.

Fyrir Búnaðarsamband Suðurlands er þessi félagspólitíska aftenging óásættanleg en í BSSL eru 1159 félagar sem eiga fullt erindi í pólitíska umræðu í landbúnaði. Lítið hefur komið frá stjórn BÍ til frekari upplýsinga um þessa vinnu en henni á að vera lokið fyrir Búnaðarþing 2021.

Að lokum þakka ég stjórn, starfsfólki og bændum gott samstarf á árinu.

Gunnar Kr. Eiríksson.



Skugga-Sveinn. Fyrsti Angus-kálfurinn tilkominn með innlendum fösturvísi, fæddur 2. nóv. 2020 á Stóra-Ármóti. *Ljósmynd: Sveinn Sigurmundsson.*

Starfsemi Búnaðarsambandsins 2019

Árið 2019 var fremur hlýtt og tíð hagstæð. Hlýjast var á Suður- og Vesturlandi á meðan svalara var norðan- og austanlands. Aprílmánuður var óvenjulega hlýr um land allt og sá hlýjasti frá upphafi mælinga í Reykjavík og víðar. Árið var þurrt og sérlega sólrikt suðvestan- og vestanlands. Aðeins tvisvar sinnum hafa sólskinsstundirnar verið fleiri í Reykjavík á einu ári. Þungbúnara og blautara var norðan- og austanlands. Heyskapur sunnanlands gekk vel og heyfengur mikill og góður. Kornþroski var í góðu meðallagi og tíð til þreskingar hagstæð.

Í janúar var undirritaður samningur milli Orkusögunnar og Búnaðarsambands Suðurlands um afslátt á raforkuverði til félagsmanna Búnaðarsambandsins. Afslátturinn er 15% frá orkutaxta auk þess sem fyrsti mánuður samningsins er endurgjaldslaus. Fyrir bú eins og Stóra Ármót þýðir þetta nærri 150 þúsund krónur á ári. Þar sem félagsmenn Búnaðarsambandsins eru 1.159 er ljóst að um umtalsverðar fjárhæðir í heild sinni að ræða.

Formannafundur var haldinn að Stóra Ármóti um miðjan febrúar. Á þeim fundi var farið í heimsókn í einangrunarstöð Nautís. Flutt var yfirlit yfir starfsemi Búnaðarsambandsins og Nautís. Jóhann Nikulásson flutti erindi um endurskoðun félagskerfisins en hann er formaður nefndar sem skipuð var á síðasta Búnaðarþingi og á að skila tillögum fyrir næsta þing.

Búnaðarsambandið veitti verðlaun fyrir afurðahæsta kúabúið, afurðahæstu kúna og þyngsta nautið á Suðurlandi á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi sem haldinn var í Gunnarsholti í byrjun febrúar.

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands sá 111. var haldinn 12. apríl í Hótel Dyrhólaey í Mýrdal. Alls mættu 32 fulltrúar af 44 sem höfðu rétt á fundarsetu frá 21 búnaðarfélagi og 4 búgreinafélögum. Fyrir utan hefðbundinn aðalfundarstörf ræddi Einar Ófeigur Björnsson varaformaður BÍ um fyrirbyggjandi endurskoðun á búvörusamningum, tollvernd, sýklalyfjaónæmi og afnám frystiskyldu á matvælum. Kosið var um 1 fulltrúa í stjórn úr

Vestur-Skaftafellssýslu en Sigurjón Eyjólfsson Eystri-Pétursey gaf ekki kost á sér þar sem hann er hættur búskap. Björn Helgi Snorrason Kálfafelli var kosinn í stjórn til næstu þriggja ára og varamaður hans Magnús Örn Sigurjónsson Eystri-Pétursey.

Kosið var til Búnaðarþings til næstu tveggja ára en eftirtaldir aðilar hlutu kosningu; Magnús Örn Sigurjónsson Eystri Pétursey, Oddný Steina Valsdóttir Butru, Ragnar M. Lárusson Stóra-Dal, Trausti Hjálmarsson Austurhlíð, Jóhann Nikulásson Stóru-Hildisey og Sigríður Jónsdóttir Arnarholti.

Á heimasíðu Búnaðarsambandsins eru fluttar fréttir af starfseminni, ásamt fundargerðum og ýmsum upplýsingum um starfsemina

Seinni hlutann í nóvember sá Búnaðarsambandið um að halda fræðslufundi um sauðfjárrækt þar sem Sveinn Sigurmundsson fjallaði um þann hluta Kynbótastöðvar ehf sem sér um sauðfjársæðingar. Fanney Ólöf Lárusdóttir, RML kynnti afrakstur hauststarfsins í sauðfjárrækt á fjórum fræðslufundum, einum fyrir hverja sýslu og voru veitt verðlaun fyrir efstu hrútana. Árni Brynjar Bragason RML fór yfir ræktunarstarfið, og fjallaði um hrúta-kost Sauðfjársæðingastöðvarinnar.

Búnaðarsambandið sá um úttektir vegna styrkja sem veittir eru samkvæmt búvörusamningum til jarðræktar og á uppskorin tún undir umsjón Búnaðarstofu og síðar ANR. Heildarstyrkur vegna jarðræktar var 408 milljónir og 266 milljónir í landgreiðslur. Styrkur á ha var kr 35.710 vegna jarðræktar og kr. 3.460 á ha vegna uppskorinna túna. Skilyrði fyrir úttekt er að til staðar séu viðurkennd stafræn túnkort teiknuð í loftmyndagrunn BÍ og skýrsluhald í Jörð. Búnaðarsambandið sá líka um úttektir í Austur-Skaftafellssýslu Úttektarvinnan felst m.a í því að yfirfara umsóknir og bera þær saman við loftmyndir og gervitunglamyndir eftir mismunandi dagssetningum og heimsækja bændur eftir tilviljunarkenndu úrtaki en alls fórum við í 88 heimsóknir. Samstarfið við Búnaðarstofu sem og úttektarvinnan gekk í heild sinni vel.

Jarðræktarstyrkir voru veittir á rúma 5.270 ha á Suðurlandi sem er 46 % af landinu. Þá voru veittar landgreiðslur á 24.600 ha sem er 32% af landinu. Á Suðurland komu alls 273 milljónir sem jafnast á 444 bú að jafnaði 615 þúsund kr á bú.

Búnaðarsambandið kom að fjölmörgum öðrum verkefnum og má þar nefna úttektir og umsóknir vegna kaltjóna í uppsveitum Árnessýslu, umsagna vegna stofnunar lögbýla, aðstoð við umsóknir og úttektir vegna vatnsveita á lögbýlum, aðstoð við greiðslumarksviðskipti, úttektir vegna styrkja í Framleiðnisjóð ofl.


Í bændabókhalði lét Sigrún Valdimarsdóttir af störfum á miðju ári en í hennar stað var Hansína Kristjánsdóttir ráðinn. Hansína er Búnaðarsambandinu að góðu kunn en hún starfaði við ritarastörf í kringum 1980. Helga Sigurðardóttir var í veikindaleyfi fyrri hluta ársins en mætti aftur til starfa er leið á árið. Björg Agnarsdóttir kom til aðstoðar samhliða námi sínu í viðskiptafræði við bókhalð og fleiri skrifstofustörf.

Undirritaður sá um framkvæmdastjórn við Nautís en

aðstoðaði við vigtun kálfanna á hálfsmánaðarfresti og kom að sæðistökunni. Alls fóru 426 vinnustundir í Nautís eða um fjórðungur úr starfi. Lóðarleigusamningur var gerður við Stóra Ármót sem og afnotasamningur af landinu. Að öðru leyti vísast til yfirlitsgreinar um starfsemi Nautís hér í ritinu.

Stóra Ármót

Fyrri sláttur hófst 14. júní en búið var að heyja fyrir mjólkurkýrnar þann 16. júní. Í byrjun júlí lauk svo fyrri slætti en þá höfðu náðst 908 rúllur af 66 ha. Há var sleginn á 47 ha og grasfræi skjólsáð með höfrum í 7 ha. Heildaruppskera var 1320 rúllur. Korn var sáð í 15 ha og einnig uppskornir 3 ha í Arabæ. Uppspera var rúm 80 tn sem er 4,5 tn af ha. Framleiðsluréttur búans var árið 2019, 329.082 þúsund lítrar. Samkvæmt skýrsluhaldi nautgripa-ræktarinnar eru afurðir á ársku 2019 6.902 kg sem er aðeins lækkun milli ára. Innlögð mjólk á árinu var 341.622 þúsund lítrar. Efnainnihald innleggs-mjólkur var (tafla 1), prótein 3,40% og fita 4,51%, frumutala var 153.



Mynd 1. Afurðir árskúa á Stóra Ármóti samanborið við landsmeðaltal.

Tafla 1. Yfirlit um afurðir – magn og eiginleika, árin 2000-2019.

Ár	Árskýr	Nyt- árskýr kg	Sæti	Fitu %	Prótein %	Frumutala x 1000	Gerlatala
2000	56	4422		3.82	3.27	336	31.916
2002	47	5378	204	3.87	3.32	263	11.875
2004	40	6248	52	3.83	3.29	299	12.812
2006	42	6357	58	4.00	3.41	343	10.916
2008	45	6321	75	4.06	3.47	325	11.920
2010	43.8	6972	16	4.18	3.49	230	9.420
2011	43.4	6518	58	4.18	3.45	164	8.540
2012	46.8	6655	53	4.17	3.43	174	10.404
2013	42.1	6.798	45	4.37	3.55	232	11.100
2014	47.3	6.844	47	4.16	3.47	172	9.600
2015	51.8	6628	99	4.19	3.52	223	12.000
2016	47.4	7027	77	4.12	3.40	249	12.000
2017	51.2	6259	212	4.19	3.47	199	6.000
2018	53.4	7343	69	4.20	3.41	167	5.000
2019	52.5	6902	126	4.51	3.40	153	6.000

fanghlutfall. Þeir sæða á milli 30 og 35 þúsund ær og þar hefur líka orðið samdráttur í þátttöku í sæðingum. Sæðisverð þar er tvö- til þrefalt miðað við það sem hér er, þrátt fyrir að Nortura sem eru samtök sláturleyfishafa fjármagni byggingar og tæki stöðvarinnar. Athyglisvert var að sjá að hrútarnir voru aðskildir á básum meðan á sæðistökunni stóð. Ákveðið var að tileinka sér aðferð Norðmanna við frystingu á hrútasæði og í framhaldi af því sótt um fjármagn í þróunarsjóð

Hagnaður Stóra-Ármóts ehf. á árinu 2019 nam 6.2 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 150 milljónum, bókfært eigið fé í árslok er kr. 105,8 milljónir og eiginfjár-hlutfall félagsins rúm 70%. Rekstrartekjur eru 63 milljónir og rekstrargjöld 59 milljónir með afskriftum sem eru 5,8 milljónir. Þegar Stóra Ármót ehf var stofnað myndaðist skuld við móðurfélagið sem í dag er um 42 milljónir sem er eina skuld búins. Nú er staða Stóra Ármóts það góð að vel er svigrúm til að lækka þessa skuld eitthvað.

Á árinu var sett upp gjafafæriband í fjósinu auk þess sem gengið var frá aðstöðu fyrir smákálfa. Þá var farið í að klæða framhlið fjóssins og endurnýja glugga. Það er ánægjulegt að sjá hvað breytingin úr básafjósi í legubásafjós hefur heppnast vel. Kýrnar

eru þrifalegar og sælar og heilsufar sem og jógurheilbrigði er allt annað og betra. Seinni hluta ársins tók búið kvígurnar 7 sem fæddar eru 2018 hjá Nautis í föstur en fösturvísaskolun úr þeim fór svo fram í janúar 2020.

Sauðfjársæðingastöð

Starfsfólk Sauðfjársæðingastöðvarinnar fór fræðsluferð til Noregs í byrjun janúar til að kynna sér framkvæmd sauðfjársæðinga þar í landi. Norðmenn eru eingöngu með djúpfryst hrútasæði og hafa náð góðum árangri með það eða liðlega 70%

sauðfjárræktar til að kaupa tölvustýrðan þrepafrysti. Fjármagn að upphæð 4,9 milljónir fékkst frá sjóðnum og frystirinn keyptur en hann komst því miður ekki fyrr en 20. nóvember í gagnið en samt náðust 1090 skammtar af sæði sem þoldi frystingu.

Við fluttum út 346 skammta af hrútasæði til USA en til að mega flyta út þarf m.a að framkvæma berklapróf og skima fyrir Blátungu. Ekki gengur að flytja hrútasæði til Evrópu vegna strangra krafna út af *Brucella melitensis* sem ekki hefur fundist í Norður-Evrópu og hvað þá hér á Íslandi.

Fanghlutfall úr sæðingunum 2018 miðað við ferskt sæði var 68 % með 1,83 lömb eftir á en árangur með frysta sæðið var 57 % og 1,71 lömb eftir á sem er betri árangur en fyrra ár.



Mynd 2. Völlur 18-835 frá Snartarstöðum í Núpasveit. Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir.

Tafla 2. Sæddar ær frá Sauðfjarsæðingastöð Suðurlands 2015-2019.

	2019	2018	2017	2016	2015
Bs. Kjalarnes	35	52	32		42
Borgarfj.	61	58	103	71	94
Snæf.	12	40	30	81	108
Dalir		12		41	45
Ísafjarðars.					28
Húnavatnss.	1.091	906	1.400	2.003	1.580
Skagafjörður	482	825	786	1.272	877
Eyjafljörður	251	410	413	672	739
S-Þing.	531	868	648	1.041	959
N-Þing.	313	513	329	707	736
Austurland	988	1.044	603	808	1.314
A-Skaft.	1.437	1.316	1.558	1.808	1.598
V-Skaft.	1.152	774	1.174	1.383	1.375
Rang.	1.645	1.640	2.036	2.483	2.298
Árness.	2.373	2.131	2.793	3.200	3.284
Landið	10.371	10.589	11.905	15.570	15.077

Þátttaka í sæðingum var svipuð og í fyrra en óveðrið 10. til 12. desember dró verulega úr þátttöku einkum um norðanvert landið. Heildarútsending var um 16000 skammtar af hrútasæði en nú var nýtingin tæp 65% og því aðeins 10.371 ær sæddar sem við verðum að rekja til ótíðarinnar. Sæðistakan gekk vel framan af en svo breyttist það er leið á tímabilið hverju sem um er að kenna. Mest af sæði var sent úr Velli 18-835 frá Snartarstöðum í Núpasveit eða í 1755 ær, Stapa 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri í 1565 ær, Glæponi 17-809 frá Hesti í 1260 ær og Glámi 16-825 frá Svartáarkoti í 1075 ær. Af kollóttum hrútum var mest sent út úr Vidda 16-820 frá Fremri Gufudal í 925 ær. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir notkun eftir sýslum.

Páll Stefánsson dýralæknir sér um gæðamat á sæði og sæðisblöndun. Páll Þórarinnsson sér um sæðistöku og gegningar í hrútahúsi. Ármann Sverrisson er aðstoðarmaður við sæðistöku, leiðir hrútana fram og sér um akstur á hrútasæði austur í sveitir. Þóra Þórarinsdóttir fyllir á sæðisstráin, gengur frá pöntunum, sér um þrif og akstur í uppsveitir. Sveinn Sigurmundsson sér um skipulag, tekur við pöntunum og deilir út sæðinu. Ólafur Þór Þórarinnsson sér um akstur á sæði til Reykjavíkur.

Kynbótastöð

Kynbótastöð ehf. sér um sæðingastarfsemi á Suður- og Austurlandi en þar voru framkvæmdar 22.875 sæðingar árið 2019 sem er 47 % sæðinga í landinu. Á Búnaðarsambandssvæðinu voru 20.285 sæðingar sem er fjölgun um 1203 sæðingar en á öllu svæðinu var fjölgun um 1518 sæðingar milli ára.

Á Austurlandi eru miklar vegalengdir, einkum þegar sinna þarf Suður-Fjörðum frá starfsstöð 30 km vestan við Egilsstaði. Því varð að ráði að tvískipta svæðinu og ráða frjótæknana sem

verktaka. Gestur Jens Hallgrímsson Blöndubakka sinnir svæðinu kringum Egilsstaði, auk Hánefsstaða og Skorrastaðar en Sigurður Max Jónsson Sköldólfsstöðum Breiðdal sinnir kúabúum á Suður-Fjörðum. Aðrir frjótæknar eru; Orri Brandsson fyrir Austur Skaftafellsýslu, Sigríður Böðvarsdóttir fyrir Skaftárhrepp, Hermann Árnason Hvolsvelli sér um svæðið austan Hvolsvallar og að Vík. Guðmundur Jón Skúlason vesturhluta Rangárvallasýslu. Úlfhéðinn Sigurmundsson er í uppsveitum Árnessýslu. Bragi Ágústsson á Selfossi sér um lágsveitir og vesturhluta Árnessýslu. Aðrir afleysingamenn eru Halldór Eiðsson, Birkir Þrastarson, Bjarki Guðmundsson og Eypór Karl Ingason. Friðrik Reynisson er afleysingamaður í Austur-Skaftafellssýslu.

Klaufsnyrting var framkvæmd á 5.544 kúm á 99 kúabúum á síðasta ári sem er svipað og árið á undan. Meðalverð á kú var 1.819 kr. Birkir Þrastarson frá Hæli sér um klaufsnyrtinguna og honum til aðstoðar var Sigmar Aðalsteinsson frá Kolsholti en hann lét af störfum er leið á árið.

Á árinu fækkaði um 2 bíla sem kemur til af því að frjótæknar gerðust verktakar á Austurlandi á miðju ári. Nýlegur Toyota Hilux lenti í árekstri og var hann seldur þar sem ekki þótti borga sig að gera við hann. Þá var keyptur Isuzu D-Max í stað Toyota Hilux og svo Nissan Qashqai í stað tjónabílsins.

Kynbótastöðin á því 8 bíla um áramót. Heildar-akstur bílanna var 344.792 km en þar af voru um 316.607 km vegna sæðinga. Meðalakstur á sæðingu er um 17 km en á Austurlandi þurfti 52 km á sæðingu og svo 33 km í Skaftárhreppi. Kostnaður á ekinn km með afskriftum er tæpar 55 kr. sem er 13 kr. hækkun miðað við árið á undan sem skýrist af sölutapi á seldum bílum og miklu tapi á Hiluxinum sem lenti í árekstrinum. Bílarnir eru afskrifaðir um 10 % á ári en þar sem þeir eru mikið keyrðir falla þeir mun meira í verði en það. Kostnaður á ekinn km fyrir utan afskriftir er 31,92 kr/km sem er lægra en árið á undan.

Hagkvæmasti bíllinn fer niður í 28 kr. á km með afskriftum en sem fyrr eru það jepplingarnir sem eru mikið eknir sem eru hagkvæmastir í rekstri.

Fanghlutfall í sæðingum lækkaði því miður úr 69 % miðað við 56 daga frá 1. sæðingu í 64 % og munar þar mestu um mikla lækkun í Árnassýslu sem ég hef ekki glögga skýringu á.

Lokaorð

Rekstrartekjur fyrirtækjanna með Stóra Ármóti er 309,7 milljónir sem er aukning frá fyrra ári úr 291 milljónum. Rekstrargjöld eru 306 milljónir og er því rekstrarhagnaður upp á 3,6 milljónir. Fjármunaliðir skila 5,8 milljónum sem er meira en á fyrra ári. Hagnaður með vaxtatekjum er því 9,5 milljónir króna en eftir skatta er það 9,1 milljónir. Samkvæmt

efnahagsreikningi er eigið fé 257,1 milljónir. Eignir eru alls 309 milljónir. Veltufjármunir eru 165,5 milljónir á móti 160,3 milljónir. Eiginfjárhlutfall er 92 %.

Bændabókhaldið veltir 43,8 milljónum og er með 143 þúsund í hagnað.

Kynbótastöð ehf er með veltu upp á 170,3 milljónir og hagnað upp á 4,7 milljónir króna sem er mikill viðsnúningur frá fyrra ári en þá var tæplega 14 milljón króna tap. Sæðingar á Suðurlandi eru ódýrustu sæðingar á landinu fyrir utan Eyjafjörð.

Búnaðarsambandið er með veltu sem nemur 56,7 milljónum og tap upp á 1,2 milljónir en þegar bóúð var að taka tillit til dótturfélags og skatta er hagnaður rúmar 9 milljónir.

Rekstrartekjur á Stóra Ármóti voru 63,2 milljónir en rekstrargjöld eru 58,8 milljónir og hagnaður 5,2 milljónir þegar bóúð er að taka tillit til skatta og fjármagnsliða.

Rekstur fyrirtækjanna gekk vel og ekki ástæða til annars en að vera ánægður með útkomuna

Að lokum þakkar undirritaður bændum og samstarfsfólki ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Sveinn Sigurmundsson

Tafla 3. Rekstrarkostnaður sæðingabíla 2019.

	HILux 2015	Nissan Qashqai 2015	Toyota Hilux 2014	HILux 2014	Isuzu D-Max 2019	Nissan Qashqai 2019	Subaru impreza 2006	Benz Atego Klaufkurð	Subaru Forester 2016	HILux 2018	HILux 2007	Meðaltal sæðingabíla
	AN-A87	EP-M68	PT-F28	AG-J23	AFL70	RUY62	PP-033	NG-056	LF-K61	EA-G41	MP-526	
Eldsneyti	324.871	860.563	718.236	682.978	240.093	510.376	168.962	400.589	1.066.875	113.887	513.807	509.203
Dekk	97.468	105.925	44.765	80.477	148.750	136.599	52.682	164.046	223.353			117.118
Viðgerðir/Smurning	61.352	428.609	416.508	456.192	71.020	184.579	52.525	219.933	648.873	47.390	262.477	259.042
Skattar	33.874	15.686	36.504	33.874		15.579	37.962	121.424	23.654	15.769	41.966	37.629
Tryggingar	124.916	124.916	57.837	38.922	49.028	142.812	124.916	148.175	124.916	138.014	124.916	109.033
Annað	11.016		-86.963									-37.974
Afskriftir/sölutap/hagn	403.157	381.052	1.760.424	1.432.536	467.972	401.097	17.660	165.000	430.387	2.441.532	25.500	720.574
Samtals	1.056.654	1.916.751	2.947.311	2.724.979	976.863	1.391.042	454.707	1.219.167	2.518.058	2.756.592	968.666	18.930.790
Staða mælis í upphafi árs	61.478	228.358	326.666	268.622	0	0	395.553	297.163	201.484	20.722	165.213	
Staða mælis í lok árs	79.862	297.694	365.000	308.000	13.220	41.959	404.790	306.111	280.415	27.000	186.000	
Áætlaður akstur á ári	18.384	69.336	38.334	39.378	13.220	41.959	9.237	8.948	78.931	6.278	20.787	344.792
Kostnaður á km án afskr.	35,55	22,15	30,96	32,82	38,49	23,59	47,31	117,81	26,45	50,18	45,37	31,92
Kostnaður á km m.afskr	57,48	27,64	76,89	69,20	73,89	33,15	49,23	136,25	31,90	439,09	46,60	54,90
Eldsneyti og skattar á km	19,51	12,64	19,69	18,20	18,16	12,53	22,40	58,34	13,82	20,65	26,74	22,06
Lítrar á 100 km.	9,74	6,84	10,33	9,56	10,01	6,70	10,08	24,67	7,45	8,06	10,99	10,40

Starfsemi Nautís 2019 og 2020

Í upphafi árs 2019 voru 12 kálfar í einangrun sem hófst 4. október 2018 og samkvæmt reglugerð skal hún standa í 9 mánuði. Á hálfmánaðarfresti voru kálfarnir vigtaðir og var ánægjulegt að sjá hvað þeir þyngdust mikið en þó sérstaklega nautin. Með kálfunum fylgdu 6 kýr inn í einangrun og því höfðu þeir kálfar forskot sem fylgdu mæðrum sínum. Nautkálfurinn Draumur 18402 var með mesta vaxtarhraðann eða tæp 1700 gr á dag. Við 200 daga aldur var hann rúm 400 kg sem er gott á norskan mælikvarða. Meðalþynging allra kálfanna fyrstu 11 mánuðina var 1327 gr.

Holdanautabændur sýndu áhuga á því er leið á árið að nautin 5 yrðu boðin til sölu á miðju ári, áður en þau yrðu afhent en það var ekki hægt fyrr en að sæðistöku lokinni. Kálfarnir voru boðnir til sölu í maí og gengið frá kaupum í júní. Meðalverð var 1.750 þúsund krónur.

Undirbúningur fyrir sæðistöku hófst í lok júlí og fyrstu sæðiskammtarnir náðust um miðjan ágúst og fóru þeir strax í dreifingu. Misvel gekk að ná úr nautunum sem voru um 11 mánaða gömul. Vel gekk með Draum 18402 og Baldur 18403 en rúmlega 1200 sæðisskammtar náðust úr hvorum um sig en Vísir 18400 gaf liðlega 100 skammta. Alls náðust 2571 sæðisskammtur úr nautunum. Ekki náðist sæði úr Tý 18401 og Bæti 18404. Sæðistöku lauk 6. september og þá voru nautin afhent eigendum sínum. Sveinbjörn Eyjólfsson forstöðumaður nautastöðvar BÍ Hesti annaðist sæðistöku en Þorsteinn Ólafsson dýralæknir sá um skoðun á sæðinu og blöndun. Frysting og frágangur á sæðinu fór fram á Hesti.

Árið 2019 bar fyrsta kýrin í lok júní en þá fæddist nautkálfur nr 0013 og hlaut hann nafnið Haukur eftir föður sínum Hovin Hauk. Kálfurinn var áberandi stór og bollangur. Burður var síðan í júlí og

þegar yfir lauk höfðu 11 kálfar fæðst, 7 kvígur og 4 naut. Nautin voru undan Hovin Hauk eða þeir 0013 Haukur og 0017 Valur og þeir 0020 Eiríkur og 0023 Máttur undan Horgen Eiríe. Kvígurnar voru undan þessum nautum og að auki voru 3 kvígur undan Stóra Tígri. Kálfarnir gengu undir kúnum þangað til að þeir voru settir í einangrun í lok september. Því miður urðum við að farga einni kvígunni Von 0022 sem var undan Stóra Tígri. Frá fæðingu var hún ákaflega taugatrekkt og lagaðist ekkert. Við krufningu kom í ljós meðfæddur hjartagalli.



Valur-ET 19402. Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir.

Vaxtarhraði kálfanna sem fæddir voru 2019 var ívið meiri en kálfanna frá 2018 eða 1362 gr á dag fyrir allan hópinn að 11 mánaða aldri. Nautin voru að þyngjast 1577 gr á dag til jafnaðar. Þegar Haukur 0013 var 245 daga gamall var hann 502 kg eða með 1850 gr. þungaaukningu á dag. Við 200 daga aldur var hann 427 kg. Nautin undan Hovin Hauk 74043 þeir Haukur 0013 og Valur 0017 hafa mikla vaxtargetu og eru stórir og langvaxnir. En þeir Eiríkur 0020 og Máttur 0023 sem eru undan Horgen Eiríe 74030 eru mun lágfættari og vaxa ekki jafn hratt en

þeir eru þéttvaxnir með áberandi holdfylltan afturpart.

Angus nautin á Staur, sem er rannsóknastöð fyrir holdanaut í Noregi, vaxa um rúm 1500 gr á dag og fá frá 2,5 kg af kjarnfóðri á dag í byrjun en við lok tímabilsins eru þau komin í 3,2 kg af kjarnfóðri á dag en fá gróffóður eftir lyst. Hjá Nautís fá kálfarnir mest 2 kg af kjarnfóðri á dag en frjálсан aðgang að góðu heyi. Um leið og undirbúningur að sæðistöku hefst er dregið úr fôðruninni.



Emmi-ET 0027, f. Emil av Lillebakken.
Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir.

Að fenginnni reynslu var ákveðið að temja kálfana meira og gera þá bandvana. Þeir voru orðnir 2ja til 3ja mánaða, öflugir og orkumiklir, en tömdust vel. Nautin öll eru áberandi geðgóð.

tímann, kálfurinn hafði losnað frá fylgjunni og var dauður. Það voru því aðeins 6 kýr sem báru. Kálfarnir fæddust svo í júní, 3 naut og 3 kvígur.

Í janúar kom norskur dýralæknir Tjerand Lunde til aðstoðar við að skola fósturvísunum úr kvígum undan Stóra Tígru en með honum vann innlagnarteymi Nautís með Þorstein Ólafsson í broddi fylkingar ásamt Sveini Ólasyni dýralækni og Guðmundi Skúlasyni frjótækni. Alls náðust 46 fósturvísar. Af þeim var 7 komið fyrir ferskum í fósturmæður á Stóra Ármóti. Tvær þeirra festu fang en miðað við árangur Norðmanna með ferska fósturvísar voru þetta vonbrigði. Vonandi fæst naut sem verður sent að Nautastöðinni Hesti til sæðistöku. Restin af fósturvísunum var boðin bændum til kaups og bærust umsóknir um kaup á 70 fósturvísunum. Þegar er búið að setja nokkra af þeim upp en árangurinn nú að fjórði hver vísir situr eftir.

Keyptir voru 41 fósturvísir undan nautinu Emil av Lillebakken 74028 og 40 kýr. Fósturvísainnlögnin gekk vel en það voru samt bara 8 kýr sem festu fang sem voru vonbrigði en kýrnar voru samstilltar með sprautum og tíma-setningar miðaðar út frá því. Ein kýr lét á útmánuðum og önnur bar mánuði fyrir

Nautís keypti svo í vor þá 26 fósturvísar undan Emil av Lillebakken sem voru til og keypti samsvarandi fjölda af kúm. Innlögnin fór svo fram 7 dögum eftir beiðslu og 5 dögum eftir að blóð fór frá þeim. Ekki er vitað um árangur þegar þetta er ritað en því miður meirihluti af kúnum búin að beiða upp.

Því var ákveðið að sæða kvígurnar sem fæddar eru 2019 með sæði úr Jens av Grani eins og kvígurnar 7 sem fæddar eru 2018 en nú er komið í ljós að þær hafa allar haldið og bera 5 af þeim um miðjan febrúar. Næsta vor gæti verið von í 13 kálfum undan

Jens av Grani. *Ljósmynd: Svein Eberhard Østmoe.*



Jens av Grani. Í sumar festi 1 kýr á Stóra Ármóti fang með fósturvísi og því alls 3 kýr þar á bæ sem bera hreinum Angus kálfum. Það gætu því verið nærri 20 hreinræktaðar Angus kálfar sem von er á fram á mitt næsta ár.


Sæðistaka úr nautunum 4 sem fædd eru 2019 hefur gengið vel og greinilegt að tamningin hefur skilað sér. Alls hafa náðst liðlega 4000 skammtar í 9 sæðistöku. Nautið Valur 0017 er öflugastur og komnir 2019 skammtar úr honum. Haukur 0013 gefur mikið magn af sæði en þunnt þannig að ekki var hægt að þynna það til frystingar.

Nautin voru seld í byrjun ágúst og bárust 44 tilboð frá 14 búum. Verðið var á bilinu 2 til 2,5 milljónir en því miður fótbrotnaði nautið Eiríkur 0020 rétt áður en hann var afhentur og gengu kaupin því til baka.

Fósturvísaflutningarnir hafa í heild sinni ekki gengið nógu vel. Þannig hafa 120 fósturvísar skilað

29 kálfum og árangurinn farið niður á við með hverju árinu þrátt fyrir að reynt væri að vanda til verka sem kostur er. Þetta sumarið var beiðslisgreining eingöngu notuð við ákvörðun fósturvísa-innlagnar en árangurinn aldrei lakari en hann liggur ekki endanlega fyrir.

Nú á einangrunarstöðin 16 Angus kvígur og á næsta ári bætast vonandi það margar við að þeir 20 legubásar sem eru á stöðinni fyllist. Þá verður endurnýjun á erfðæfninu sinnt með innflutningi á sæði en við höfum aðgang að besta erfðæfni Norðmanna. Þeir endurnýja sitt erfðæfni með innflutningi á sæði úr bestu Angus nautunum sem völ er á í heiminum. Nautís er þegar komið með erfðæfni úr 6 af bestu nautunum sem hafa verið notuð til kynbóta í Noregi síðustu ár. Þau eru; Stóri Tígur, First Boyd, Hovin Hauk, Horgen Erie, Emil av Lillebakken og Jens av Grani.



Angus-kvígur á Stóra-Ármóti, fæddar 2019. Frá vinstri Systa-ET 0014 (f. Li's Great Tigre), Gunna-ET 0016 (f. Horgen Erie), Lára-ET 15 (f. Li's Great Tigre) og Assa-ET 0018 (f. Hovin Hauk) í blíðunni í sept. 2020.
Ljósmynd: Halla Eygló Sveinsdóttir.

111. aðalfundur

Búnaðarsambands Suðurlands

haldinn 12. apríl 2019 að Hótel Dyrhólaey

1. Fundarsetning, Gunnar Kr. Eiríksson formaður.

Gunnar Kr. Eiríksson á Túnsbergi setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hann gerði það að tillögu sinni að Ragnar M. Lárusson í Stóra-Dal stýrði fundi og að Gunnar Ríkharðsson starfsmaður BSSL ritaði fundargerð. Var það samþykkt og tóku þeir til starfa og var gengið til dagskrár.

2. Skipan kjörbréfanefndar, Gunnar Kr. Eiríksson.

Gunnar bar upp tillögu um að þeir Ólafur Þ. Gunnarsson Giljum, Eyvindur Ágústsson Stóru-Mörk og Samúel U. Eyjólfsson Bryðjuholti skipuðu kjörbréfanefnd og var það samþykkt.

3. Skýrsla stjórnar, Gunnar Kr. Eiríksson formaður.

Vorið var kalt og votviðrasamt og sumarið með svipuðum hætti, ekki rættist úr fyrr en í upphafi júlímánaðar. Heyfengur virðist vera nokkuð góður þrátt fyrir þessa erfiðu heyskapartíð.

Aðalfundur BSSL, haldinn í Hótel Smáratúni 13. apríl 2018. Á fundinum var kosið um 2 stjórnarmenn úr Rangárvallasýslu, þá Ragnar Lárusson og Erlend Ingvarsson. Þeir voru endurkjörnir til 3 ára. Stjórn skipti með sér verkum, Gunnar formaður, Ragnar varaformaður, Sigurjón ritari, Erlendur og Helgi meðstjórnendur.

Afdrif tillagna á aðalfundi:

- Tillaga um að Búnaðarstofa verði sjálfstæð eining. Búnaðarstofa er í dag orðin sjálfstæð eining.
- Tillaga um aukna tilraunastarfsemi í Stóra Ármóti, ræddum við Sæmund Sveinsson rektor LbhÍ, taldi hann að áhugi starfsfólks LbhÍ væri að gera tilraunir á Hvanneyri en skoða mætti samstarf við Stóra Ármót. Þess má geta að tilraun með þamajöl í föðri mjólkurkúa er í gangi á Stóra Ármóti í vetur. Að tilrauninni koma Ásta Heiðrún Pétursdóttir efnafræðingur hjá Matis, Gunnar Ríkharðsson BSSL og Jóhannes Sveinbjörnsson LbhÍ.

Starfsemi Nautís hefur gengið vel en þar er Sveinn Sigurmundsson framkvæmdastjóri og Baldur I Sveinsson starfsmaður. Í september fæddust 12 kálfar af Aberdeen Angus kyni, 7 kvígur og 5 naut. Vel gekk með burð og að koma kálfunum á legg. Fjósbreyingar á Stóra Ármóti hafa komið vel út heilsufar kúnna batnað og nyt aukist, er nú 7340 kg eftir árskú. Borhola var boruð á virkjunasvæðinu á Stóra Ármóti af Selfossveitum og lofar hún mjög góðu.

Á árinu voru haldnir 5 formlegir stjórnarfundir auk fundahalda og ákvarðanatöku í síma.

Formannafundur BÍ var 22. nóvember og fórum við Sveinn Sigurmundsson og Gunnar Ríkharðsson á fundinn. Þann 11. febrúar undirritaði Búnaðarsambandið afsláttarsamning á raforku við Orkusöluna, sem veitir 15% afslátt til félagsmanna BSSL. Sparar þetta félagsmönnum töluverðar upphæðir á árs grundvelli.

Formannafundur Bssl var haldinn að Stóra Ármóti, 15. febrúar. Þar var allgóð mæting og góð umræða. Að lokum þakkaði Gunnar stjórn, starfsfólki og bændum gott samstarf á árinu.

4. Reikningar BSSL og skýrsla framkvæmdastjóra, Sveinn Sigurmundsson.

Sveinn fór yfir starfsemi Búnaðarsambandsins og dótturfélaganna og rauði þráðurinn í máli hans var að fyrirtækin verða standa undir sér. Þjónustan má ekki vera undirverðlögð. Í uppstokkun á félagskerfi bænda er mikilvægast að ná sem mestri samstöðu á meðal bænda. Bændur eiga að standa saman í einu öflugu liði. Búnaðarsambandið er samband 35 aðildarfélaga með um 1140 félagsmenn sem eru bændur og fólk búsett í dreifbýli á Suðurlandi.

Sveinn skýrði svo reikninga BSSL og dótturfélaga.

Búnaðarsambandið, eitt og sér, er með rekstrartekjur sem nema um 68,7 milljónum, rekstrargjöld eru um 69,7 milljónir, en að teknu tilli til fjármagnstekna er hagnaður um 800 þúsund kr. Árið 2017 var tap af þessum rekstri um 3,1 milljón kr.

Kynbótastöð ehf er með rekstrartekjur upp á 144,4 milljónir sem er nánast sama upphæð og árið áður. Rekstrargjöldin hækka hins vegar um 10,9 milljónir eða 7,4% á milli ára og varð tap af rekstri Kynbótastöðvar ehf um 13,8 milljónir króna á árinu. **Bændabókhald ehf** er með rekstrartekjur upp á 39,8 milljónir og skilar um 1,8 milljón í hagnað. Árið áður voru rekstrartekjur um 35,4 milljónir og hagnaður um 400 þúsund kr.

Stóra Ármót ehf er með um 60,0 milljónir í rekstrartekjur á árinu 2018 en 54,7 milljónir árið áður. Rekstrargjöldin hækka þó um 8,4 milljónir eða um tæp 18% milli ára og lækkar því hagnaður búsins úr 6,3 milljónum á árinu 2017 í 4,2 milljónir 2018 að teknu tilliti til skatta og fjármagnsliða.

Samstæðan öll þ.e. BSSL ásamt fyrrnefndum þremur dótturfélögum, er með um 291 milljón í rekstrartekjur þegar tekið hefur verið tillit til innbyrðis sölu á milli fyrirtækjanna, en þetta er nánast sama tala og árið áður. Rekstrargjöldin hækka hins vegar rétt um 6,0 milljónir eða 2% á milli ára og er því rekstrartapið um 8,6 milljónir. Fjármagnsliðir skila um 3,2 milljónum sem er ívið minna en á fyrra ári en þá skiluðu þeir um 3,6 milljónum. Að teknu tilliti til fjármagnsliða og skatta þá er tap af rekstri samstæðunnar um 7,3 milljónir á árinu 2018 en á árinu 2017 var um 1,2 milljón kr hagnaður.

Eignir samstæðunnar eru metnar í bókhaldinu í árslok 2018 á um 305,5 milljónir, eigið fé er 247,6 milljónir og eiginfjárlutfallið reiknast því um 81%.

5. Umræður um skýrslur og reikninga.

Gunnar Eiríksson tók til máls og bauð Einar Ófeig Björnsson varaformann Bændasamtakanna velkominn til fundarins en Guðrún Tryggvadóttir formaður BÍ átti ekki heimangengt.

Gunnar skýrði betur niðurstöðu hallareksturs hvað varðar Kynbótastöðina ehf.

Ari Páll Ögmundsson spurði hvað félagsmenn væru að fá fyrir félagsgjald til BSSL og var efins um að rétt væri að hækka árgjaldið.

Kjartan Ólafsson tók til máls og ræddi um árgjöld og ávinning af starfsemi BSSL og taldi að sambandið ætti að vinna ennfrekar að útboðum og hagstæðum samkaupum bænda. Ræddi einnig um hlutverk búnaðarfélaga t.d. varðandi hagsmunagæslu landeigenda gagnvart lagningu vega.

6. Matarhlé.

7. Kjörbréfanefnd skilar álit.

Samúel U. Eyjólfsson kynnti niðurstöður nefndarinnar. Rétt til setu á fundinum eiga fulltrúar frá 30 búnaðarfélögum og 5 búgreinafélögum. Mættir voru 32 fulltrúar af 44 sem höfðu rétt á fundarsetu frá 21 búnaðarfélagi og 4 búgreinafélögum. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.samhljóða.

8. Einar Ófeigur Björnsson – varaformaður BÍ.

Einar ræddi um helstu mál sem hafa komið til kasta stjórnar BÍ að undanfögnu. Ræddi um fyrirliggjandi endurskoðun á búvörusamningum, tollvernd, sýkla-lyfjaónæmi og afnám frystiskyldu á matvælum. Lýsti ánægju sinni með að nú er unnið að Matvæla-stefnu fyrir Ísland en tryggja þarf eins og hægt er sjálfbærni við matvælaframleiðslu.

Móta þarf og kynna betur stefnu íslenskra bænda og allir þurfa að standa saman sem ein heild.

Þurfum að sækja fram og skapa jákvæða umræðu um íslenskan landbúnað en varast stöðuga umræðu um vandamál. Þurfum að vita hvert við viljum stefna en tækifæri eru til staðar en við þurfum að nýta þau.

9. Tillögur lagðar fram og kynntar.

Sveinn Sigurmundsson gerði grein fyrir hvaða tillögur hafa borist frá stjórn og aðildarfélögum og vísaði þeim til nefnda til afgreiðslu.

Ari Páll Ögmundsson kynnti tillögu: Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal 12. apríl 2019 samþykkir að að aðalfundarfulltrúar þiggi ekki greiðslur vegna aðalfundar.

10. Nefndir hefja störf.

Sveinn Sigurmundsson tilnefndi sem formenn nefnda þá Jóhann Nikulásason Stóru- Hildisey fyrir allsherjarnefnd og Pál Eggertsson Arngeirsstöðum fyrir fjárhagsnefnd.

11. Kosningar.

Kosið um einn stjórnarmann og einn í varastjórn úr V-Skaftafellssýslu.

Sigurjón Eyjólfsson í Pétursey tók til máls gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Tafla 1. Fjöldi félaga og fulltrúa og mættir fulltrúar á aðalfund 2019.

Félag	Fjöldi félaga	Fjöldi fulltrúa	Mættir fulltrúar
Búnaðarfélag A - Landeyjarhrepps	13	1	Jóhann Nikulásson, Hildisey
Búnaðarfélag A-Eyja fjallahrepps	41	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Álfavers	15	1	Jóhannes Gissurarson, Herjólfstöðum
Búnaðarfélag Ásahrepps	10	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Bláskógabyggðar	94	2	Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð
-----			Ingvi Þorfinnsson, Spóastöðum
Búnaðarfélag Djúparhrepps	29	1	Birkir Ármannsson, Brekku
Búnaðarfélag Dyrhólahrepps	35	1	Magnús Örn Sigurjónsson, Eystri-Pétursey
Búnaðarfélag Eyrabakka	23	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Fljótshlíðarhrepps	44	1	Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum.
Búnaðarfélag Gaulverjabæjarhrepps	37	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Gnúpverjahrepps	60	1	Oddgeir Eiríksson, Sandlækjarkoti
Búnaðarfélag Grímsneshrepps	37	1	Björn Snorrason, Björk
Búnaðarfélag Holtahrepps	32	1	Daniel Magnússon, Akbraut.
Búnaðarfélag Hraungerðishrepps	46	1	Gísli Hauksson, Stóru Reykjum.
Búnaðarfélag Hrunamannahrepps	74	2	Benedikt Kristinn Ólafsson, Auðsholti
-----			Þórunn Andréddóttir, Bryðjuholti
Búnaðarfélag Hvammshrepps	26	1	Ólafur Þ. Gunnarsson, Giljum
Búnaðarfélag Hvolhrepps	11	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Hörgslandshrepps	23	1	Björn Helgi Snorrason, Kálfa felli
Búnaðarfélag Kirkjubæjarhrepps	23	1	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
Búnaðarfélag Landmannahrepps	28	1	Sigurður Sæmundsson, Skeiðvöllum
Búnaðarfélag Leiðvallahrepps	15	1	Arndís Harðardóttir, Efri Ey
Búnaðarfélag Rangárvallahrepps	23	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Sandvíkurhrepps	43	1	Ari Páll Ögmundsson, Stóru-Sandvík.
Búnaðarfélag Skaftártungu	17	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Skeiðahrepps	43	1	Jón Vilmundarson, Skeiðháholti.
Búnaðarfélag Stokkseyrarhrepps	20	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag V-Eyja fjallahrepps	45	1	Eyvindur Ágústsson, Stóru-Mörk 3
Búnaðarfélag Villingaholtshrepps	56	1	Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki
Búnaðarfélag V-Landeyjarhrepps	26	1	Enginn mættur
Búnaðarfélag Ölfushrepps	30	1	Kjartan Þ. Ólafsson, Hlöðutúni
Félag kúabænda á Suðurlandi:	235	4	Borghildur Kristinsdóttir, Skarði
-----			Rafn Bergsson, Hólmahjáleigu
-----			Samúel U. Eyjólfsson, Bryðjuholti
Félag sauðfjárbænda í Árnassýslu:	88	2	Jökull Helgason, Ósabakka 1.
-----			Ágúst Ingi Ketilsson, Brúnaströðum
Félag sauðfjárbænda í Rangárv.sýslu:	122	3	Berglind Guðgeirsdóttir, Skarði
-----			Hulda Brynjólfssdóttir, Tyrfringsstöðum
-----			Ragnar M. Lárusson, Stóra-Dal
Félag sauðfjárbænda í V-Skaft.:	61	2	Sæunn Káradóttir, Norðurhjáleigu
Loðdýraræktarfélag Suðurlands:	20	1	Enginn mættur
Alls	1525	44	

Þakkaði hann stjórn og starfsmönnum BSSL gott samstarf á liðnum árum.

V-Skaftfellingar réðu ráðum sínum og síðan flutti Sverrir Gíslason á Kirkjubæjarklaustri tillögu þeirra um að Björn Helgi Snorrason á Kálfafelli verði aðalmaður í stjórn BSSL og Magnús Örn Sigurjónsson Eystri Pétursey sem varamaður.

Var tillagan samþykkt með lófataki fundarmanna.

12. Fundarhlé.

Nú var gert fundarhlé og á meðan ný stjórn BSSL hélt sinn fyrsta fund og skipti með sér verkum. Var Gunnar Eiríksson á Túnsbergi kjörinn formaður, Ragnar M. Lárusson í Stóra-Dal varaformaður og Björn Helgi Snorrason Kálfafelli ritari. Sem formaður BSSL er Gunnar Eiríksson og er því sjálfkjörinn fulltrúi á Búnaðarþing næstu 2 árin.

13. Kosningar til Búnaðarþings.

Ólafur Þ. Gunnarsson tók til máls og baðst undan kosningu til Búnaðarþings. Fundarstjóri kynnti bréf frá Oddnýju Steinu Valsdóttur í Butru þar sem hún býður sig fram til setu á Búnaðarþingi. Trausti Hjálmarsson Austurhlíð, Sigríður Jónsdóttir Arnarholti, Ragnar M. Lárusson Stóra-Dal og Jóhann Nikulásson Hildisey tóku öll til máls og gáfu kost á sér til áframhaldandi setu á Búnaðarþingi. Þá tók Magnús Örn Sigurjónsson í Eystri Pétursey til máls og gaf einnig kost á sér en kosningar fóru þannig:

Aðalmenn á Búnaðarþing til næst tveggja ára:

Magnús Örn Sigurjónss., E-Pétursey	32 atkvæði
Oddný Steina Valsdóttir, Butru	32 -
Ragnar M. Lárusson, Stóra-Dal	29 -
Trausti Hjálmarsson, Austurhlíð	29 -
Jóhann Nikulásson, Hildisey	28 -
Sigríður Jónsdóttir, Arnarholti	24 -

Varamenn til næstu tveggja ára:

Berglind Guðgeirsdóttir, Skarði	13 atkvæði
Páll Eggertsson, Arngeirsstöðum	13 -
Hulda Brynjólfssdóttir, Tyrfingsstöðum	9 -
Ágúst Ingi Ketisson, Brúnastöðum	8 -
Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri	7
Reynir Þór Jónsson, Hurðarbaki	7 -
Sæunn Káradóttir, Norðurhjáleigu	6 -

14. Tillögur frá nefndum, umræður og afgreiðsla.

Páll Eggertsson kynnti allar tillögur fjárhagsnefndar

Tillaga nr. 1 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal 12. apríl 2019 samþykkir að árgjald til Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2019 verði kr. 6.000 á hvern félagsmann. Erlendur Ingvarsson og Jóhann Nikulásson tóku til máls en síðan var tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 2 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal 12. apríl 2019 samþykkir að aðalfundarfulltrúar þiggi ekki greiðslur vegna aðalfundar 2019.

Ólafur Þ. Gunnarsson og Jóhann Nikulásson tóku til máls og töldu að samþykkt tillögunnar yrði ekki til að hvetja fulltrúa til mætingar á aðalfundinn.

Jóhann lagði fram breytingartillögu sem var samhljóða upphaflegri tillögu stjórnar:

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal 12. apríl 2019 samþykkir að þóknun aðalfundarfulltrúa miðist við sem svarar einföldum dagpeningum ríkisstarfsmanna þ.e. kr.11.800.

Tillagan síðan borin upp og samþykkt með þorra atkvæða gegn einu.

Tillaga nr. 3 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal 12. apríl 2019 samþykkir að laun stjórnarmanna verði kr. 10.000 fyrir hvern stjórnarfund auk dagpeninga samkvæmt ríkistaxta og aksturs kr. 80 pr.km. Formaður fái tvöföld laun og dagpeninga á við aðra stjórnarmenn auk aksturs kr. 80 pr.km. Formaður fái að auki eingreiðslu sem nemur kr. 300.000 á ári.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 4 - frá fjárhagsnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey í Mýrdal 12. apríl 2019 samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2019.

Eftir nokkrar umræður og útskýringar framkvæmdastjóra var tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 1 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey, 12. apríl 2019, leggst alfarið gegn fyrirhugaðri stofnun miðhálandisþjóðgarðs. Tilgangur og þörf fyrir stofnun þjóðgarðs er óljós og veruleg hættu er á að nytjaréttur landeigenda muni skerðast og/eða glatast. Einnig hefur reynslan sýnt að kostnaður við rekstur þjóðgarða er verulegur samanber rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs.

Berglind Guðgeirsdóttir kynnti tillöguna og var hún síðan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 2 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey, 12. apríl 2019, lýsir áhyggjum sínum af hagþörlusöfnun í landbúnaði og hvetur stjórn BSSL til að beita sér fyrir úrbótum í þeim efnum.

Jóhann Nikulásson kynnti tillöguna og tilurð hennar og var síðan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 3 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey, 12. apríl 2019, hvetur stjórn Kynbótastöðvar ehf að huga að bættum aðbúnaði hrúta á sauðfjársæðingastöðinni.

Hulda Brynjólfssdóttir kynnti tillöguna og nokkrar umræður urðu um meðferð hrúta á fengitíma. Sveinn Sigurmundsson útskýrði aðstæður á Sauðfjársæðingastöðinni og möguleikar úrbætur og síðan var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 4 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey, 12. apríl 2019, mælist til þess að á haustfundum sauðfjárræktarinnar á Suðurlandi veiti BSSL verðlaun fyrir hyrnda, kollotta og mislita hrúta.

Jökull Helgason kynnti tillöguna og var hún síðan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 5 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey, 12. apríl 2019, hvetur stjórn

BSSL til að standa að tilraunum á Tilraunabúinu á Stóra Ármóti.

Jóhann Nikulásson kynnti tillöguna sem var samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 6 - frá allsherjarnefnd

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands haldinn á Hótel Dyrhólaey, 12. apríl 2019, hvetur stjórn BSSL til að finna vettvang fyrir aðildarfélögin til að ræða saman um starfsemi sína m.a. um rekstur tækja til útleigu, námskeið og kynningar, sameiginleg innkaup og annað sem henta þykir.

Samúel Eyjólfsson kynnti tillöguna sem síðan var samþykkt samhljóða.

15. Reikningar bornir undir atkvæði.

Þá voru reikningar Búnaðarsambandsins bornir upp og samþykktir samhljóða.

16. Önnur mál.

Erlendur Ingvarsson í Skarði ræddi afkomu bænda og rekstrarniðurstöðu á Stóra Ármóti og taldi blikur á lofti. Þórunn Andrésdóttir í Bryðjuholti ræddi umræðu um landbúnað í fjölmiðlum og hvernig forsvarsmenn landbúnaðar geti ýtt undir jákvæða ímynd landbúnaðarins.

Gunnar Ríkharðsson ræddi um breytingar á framkvæmd jarðræktarstyrkja í haust.

Jóhann Nikulásson ræddi um afkomu bænda og Samúel Eyjólfsson spurðist fyrir um áherslur BÍ í komandi viðræðum um endurskoðun á rammasamningi. Einar Ófeigur sagði að áhersla yrði á tollvernd og fylgt yrði niðurstöðu atkvæðagreiðslu kúabænda og tillögum frá aðalfundi LK.

Gunnar Eiríksson ræddi um komandi samningaviðræður við ríkisvaldið og þau áhersluatriði sem efst yrðu á baugi hjá Bændasamtökunum

17. Fundarslit, Gunnar Kr. Eiríksson.

Gunnar Kr. Eiríksson þakkaði góðan fund og sagði fundi slitið um kl 17:05.

Gunnar Ríkharðsson

Lög Búnaðarsambands Suðurlands

1.gr.

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands. Heimili og varnarþing þess er á Selfossi.

Nái starfssvæði aðildarfélags inn á starfssvæði annars búnaðarsambands skal leitað eftir samstarfs-samningi við það.

2.gr.

Aðild að Búnaðarsambandinu geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar, sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni, enda séu þeir félagar í búnaðar- eða búgreinafélagi, sbr.1. gr. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Undir búrekstur fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla, úrvinnsla og þjónusta.

Einstaklingar sem félagar eru í fleiri en einu aðildarfélagi skulu tilnefna eitt þeirra sem sitt aðalfélag, sem þar með ber ábyrgð á aðild þeirra. Samkvæmt því skal Búnaðarsambandið halda skrá yfir aðildarfélög sín og samræmda félagaskrá yfir alla félagsmenn þeirra. Sú félagaskrá er jafnframt félagaskrá Búnaðarsambandsins.

3. gr.

Tilgangur Búnaðarsambandsins er að vera heildar-samtök sunnlenskra bænda og vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað.

Efla hvers konar framfarir í landbúnaði, gæta hagsmuna og auka hagsæld þeirra sem landbúnað stunda. Að framfylgja á hverjum tíma gildandi löggjöf um íslenskan landbúnað í samstarfi við þá aðila sem annast framkvæmd slíkra laga.

4. gr.

Búnaðarsambandið hyggst ná tilgangi sínum með því að:

- a) Vera í forsvari fyrir sunnlenskan landbúnað, koma fram fyrir hans hönd og annast kynningu á honum og standa vörð um hagsmuni sunnlenskra bænda.
- b) Reka ýmis konar þjónustu fyrir bændur, eftir því sem þörf er fyrir á hverjum tíma.
- c) Styðja hvers konar félagslega starfsemi í héraðinu sem stuðlar að framförum í landbúnaði.
- d) Annast miðlun fróðleiks og kynningarefnis eftir því sem henta þykir á hverjum tíma.
- e) Vera tengiliður aðildarfélaganna og félagsmanna við Bændasamtök Íslands. Sjá um kosningu til Búnaðarþings og önnur þau hlutverk sem kveðið er á um í samþykktum Bændasamtaka Íslands.
- f) Annast ýmis konar umsóknir, eftirlit, umsjón, úttektir og vottun eftir því sem lög og reglur kveða á um.
- g) Sjá um rekstur þeirra fyrirtækja sem eru í eigu Búnaðarsambandsins og annast eignir þær, sem eru innan vébanda þess.

5.gr.

Heimilt er Búnaðarsambandinu að innheimta árgjald af félögum. Skal þá hvert aðildarfélag standa skil á greiðslu þess í samræmi við fyrirbyggjandi félagaskrá samkv. 2.gr. Árgjald Búnaðarsambandsins er ákveðið á aðalfundi sambandsins. Gjöldum þessum skal skilað fyrir 1. desember ár hvert ásamt félagatali.

Reikningssár Búnaðarsambandsins er almanaksárið.

6. gr.

Á aðalfundi skulu kosnir fulltrúar til setu á Búnaðarþingi til tveggja ára og jafn margir til vara. Formaður sambandsins skal vera sjálfkjörin sem aðalmaður. Falli atkvæði jöfn skal hlutkesti varpað.

7. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins skal skipuð fimm mönnum. Formaður, varaformaður, ritari og tveir

meðstjórnendur. Kosnir skulu jafnmargir til vara. Stjórn og varastjórn skal þannig skipuð: Úr Vestur-Skaftafellssýslu einn stjórnarmaður, úr Rangárvallasýslu tveir og úr Árnessýslu tveir. Stjórnarmenn og varamenn þeirra skulu kosnir til þriggja ára, þannig að Árnesingar skulu kosnir eitt árið, Rangæingar annað árið og Vestur-Skaftfellingar hið þriðja.

Tveir skoðunarmenn reikninga skulu kosnir til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmaður reikninga skal eigi starfa lengur en sex ár í senn.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Hún ræður framkvæmdastjóra, er sér um daglegan rekstur sambandsins, reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn sambandsins.

8.gr.

Aðalfundur Búnaðarsambandsins skal haldinn árlega, eigi síðar en í júní-mánuði. Skal boða til hans með minnst hálfsmánaðar fyrirvara. Á aðalfundi eiga sæti kjörnir fulltrúar félaga sem aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands hefur samþykkt sem aðildarfélög.

Hvert aðildarfélag á rétt á fulltrúum sem hér segir: Þar sem félagatala er allt að 60, einn fulltrúi.

Þar sem félagatala er 61-120, tvo fulltrúa.

Þar sem félagatala er 121-180, þrjá fulltrúa.

Þar sem félagatala er 181-240, fjóra fulltrúa, o.s.frv.

Auk kjörinna fulltrúa eiga stjórn sambandsins og framkvæmdastjóri þess málfrelsi og tillögurétt, svo og allir félagsmenn aðildarfélaga. Atkvæðisrétt hafa aðeins kjörnir fulltrúar. Þó skal enginn fara með nema eitt atkvæði.

Aðalfundur er lögmætur ef helmingur kjörinna fulltrúa er mættur ásamt meirihluta stjórnar sambandsins. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó þarf 2/3

hluta greiddra atkvæða á lögmætum aðalfundi til þess að lagabreytingar hljóti löglega afgreiðslu, enda hafi tillaga að lagabreytingu verið send út með fundarboði.

Auka fulltrúafund skal halda ef meirihluti stjórnar eða einn þriðji hluti kjörinna fulltrúa krefst þess.

9. gr.

Á aðalfundi skal stjórnin leggja fram til umræðu og afgreiðslu:

1. Reikninga sambandsins fyrir undanfarið ár, áritaða af skoðunarmönnum, ásamt félagskrá skv. 2. gr.
2. Skýrslu um starfsemi sambandsins undanfarið ár.
3. Fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi reikningsár.
4. Kjósa trúnaðarmenn samkvæmt 7. grein.
5. Kosið skal til Búnaðarþings samkvæmt 6. grein.

10. gr.

Stjórn Búnaðarsambandsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Hvorki aðalfundur né aðrir opnir fundir eru ályktunarfærir um kjör heiðursfélaga. Fjöldi heiðursfélaga skal stilla mjög í hóf. Við kjör heiðursfélaga skal afhenda heiðursskjal undirritað af stjórnarmönnum sambandsins. Heiðursfélögum skal boðið að taka þátt í öllum hátíðarfundum sambandsins. Þeir skulu einnig boðaðir á aðalfund sambandsins og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt af aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands.

Búnaðarsamband Suðurlands

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun um faglega aðstoð	2
Undirritun skoðunarmanna	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Búnaðarsamband Suðurlands
Kt. 490169-6609,
Austurvegi 1, 800 Selfoss

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Búnaðarsamband Suðurlands fyrir árið 2019 og byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við leiðbeinandi reglur Félags löggiltra endurskoðenda um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Í samræmi við þær reglur fólst aðstoð okkar í því að aðstoða við að setja fram ársreikninginn í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og höfum við í því sambandi tekið ákveðna liði hans til skoðunar.

Endurskoðun eða könnun ársreikningsins hefur ekki farið fram og því er ekki látið í ljós álit á honum.

Selfossi, 9. júní 2020

Áland sf


Þórir Ólafsson,
endurskoðandi

Undirritun skoðunarmanna

Við undirritaðir skoðunarmenn Búnaðarsamband Suðurlands höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2019. Við teljum ársreikninginn vera í samræmi við lög og reglur og samþykktir sambandsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Selfossi, 9. júní 2020


Páll Eggertsson


Valdimar Guðjónsson

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Búnaðarsamband Suðurlands er samband búnaðar- og búgreinafélaga sem starfa að einhverju eða öllu leyti í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu. Það er aðili að Bændasamtökum Íslands.

Starfsemin á árinu

Ársreikningur félagsins er gerður samkvæmt almennum reikningsskilaaðferðum á grundvelli laga um ársreikninga.

Það er álit stjórnar sambandsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Á árinu 2019 var ársveltan Búnaðarsambands Suðurlands kr. 56,7 milljónir og afkoma kr. 9,1 milljónir en afkoma fyrir hlutdeild í afkomu dótturfélaga er kr. -1,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 256,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 279,2 milljónir.

Í skýringu 5 á bls. 9 eru upplýsingar um opinbert mat fasteignar félagsins.

Rekstrar- og efnahagsreikningur samstæðu Búnaðarsambands Suðurlands er í skýringum, bls. 13-14.

Stjórn sambandsins leggur til að hagnaður ársins færður á eigið fé eins og fram kemur í skýringu 9 á bls. 11 varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu.

Framtíðarhorfur

Gert er ráð fyrir að rekstur sambandsins og dótturfélaga á árinu 2020 verði með svipuðu sniði og undangengið ár.

Stjórn og framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Selfossi, 11. júní 2020,

Í stjórn:

Gunnar Kr. Eiríksson
Gunnar Kr. Eiríksson

Ragnar M. Lárusson
Ragnar M. Lárusson

Helgi Eggertsson
Helgi Eggertsson

Erlendur Ingvarsson
Erlendur Ingvarsson

Björn Helgi Snorrason
Björn H. Snorrason

Sveinn Sigurmundsson
Framkvæmdastjóri

Sveinn Sigurmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrartekjur samtals			
Seld þjónusta og afurðir		31.996.185	37.781.954
Starfsfé		13.026.433	16.461.339
Aðrar tekjur		11.696.080	14.462.560
Rekstrartekjur samtals		<u>56.718.698</u>	<u>68.705.853</u>
Rekstrargjöld			
Rekstarvörur		537.625	536.294
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	28.332.515	34.642.939
Bifreiða og ferðakostnaður		3.889.861	5.554.513
Annar rekstrarkostnaður		26.759.610	26.905.844
Afskriftir		2.006.918	2.054.916
		<u>61.526.529</u>	<u>69.694.506</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(4.807.831)	(988.653)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		213.161	434.917
Markaðsverðbréf		3.352.549	1.447.421
Vaxtagjöld og verðbætur		(6.532)	(67.875)
	4	<u>3.559.178</u>	<u>1.814.463</u>
Hagnaður (tap) fyrir hlutdeildartekjur		(1.248.653)	825.810
Áhrif af rekstri dótturfélaga		10.075.608	(7.858.381)
Hagnaður fyrir skatta		8.826.955	(7.032.571)
Tekjuskattur (lækkun)		(246.311)	271.437
Hagnaður ársins		<u>9.073.266</u>	<u>(7.304.008)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Fasteignir og lóðir		15.335.383	16.956.106
Bifreiðar, áhöld og tækí		2.615.026	3.001.223
		<u>17.950.409</u>	<u>19.957.329</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals		17.950.409	19.957.329
Áhættufjármunir og langtímakröfur:	6		
Fjárfestingaverðbréf		229.832	229.832
Dótturfélög		95.564.129	85.488.521
		<u>95.793.961</u>	<u>85.718.353</u>
Fastafjármunir samtals		113.744.370	105.675.682
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	2.551.245	6.258.398
Tengdir aðilar	12	91.466.844	82.527.823
Aðrar kröfur og fyrirframgr. kostnaður	7	974.450	814.415
Markaðsverðbréf	8	58.691.189	59.225.392
Handbært fé	7	11.819.429	11.444.730
		<u>165.503.157</u>	<u>160.270.758</u>
Eignir samtals		<u>279.247.527</u>	<u>265.946.440</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Óráðstafað eigið fé		256.413.994	247.340.728
		<u>256.413.994</u>	<u>247.340.728</u>
Skuldir			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding	10	4.463.440	4.709.751
Skammtímaskuldir:			
Tengdir aðilar	12	6.532.473	3.624.040
Viðskiptaskuldir	11	1.988.560	2.432.773
Ýmsar skammtímaskuldir	11	9.849.060	7.839.148
		<u>18.370.093</u>	<u>13.895.961</u>
Skuldir samtals		22.833.533	18.605.712
Eigið fé og skuldir samtals		<u>279.247.527</u>	<u>265.946.440</u>
Aðrar upplýsingar	13		

Sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		9.073.266	(7.304.008)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	2.006.918	2.054.916
Sölutap (-hagnaður)		0	(979.250)
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga		(10.075.608)	7.858.381
Verðbætur og gengismunur		0	0
Tekjuskattskuldbinding		271.297	271.297
		<u>1.275.873</u>	<u>1.901.336</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		3.547.118	6.096.063
Bústofnsbreyting dótturfélags		(274.000)	(274.000)
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>1.319.388</u>	<u>(5.078.070)</u>
		<u>4.592.506</u>	<u>743.993</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>5.868.379</u>	<u>2.645.329</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	5	0	1.700.000
Hækkun á hlutabréfum		<u>534.205</u>	<u>(689.910)</u>
		<u>534.205</u>	<u>1.010.090</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		<u>(6.027.885)</u>	<u>4.406.454</u>
		<u>(6.027.885)</u>	<u>4.406.454</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>374.699</u>	<u>8.061.873</u>
Handbært fé í byrjun árs		<u>11.444.730</u>	<u>3.382.857</u>
Handbært fé í árslok		<u>11.819.429</u>	<u>11.444.730</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborganir (útgreiðslur) í sjóðstreymi greinast þannig:			
Greiddir vextir og verðbætur ársins		(6.532)	(67.875)
Innborgaðar vaxtatekjur		213.161	434.917

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði í árslok að teknu tilliti til niðurfærslu. Að öðru leyti er ársreikningurinn byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum auk framlaga og félagsgjalda. Tekjur af vöru og þjónustusölu eru færðar við afhendingu. Framlög og starfsfé eru færð við móttöku.

1.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við gjöldu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð þannig mismunur á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði færast til gjalda á áætluðum endingartíma eignanna, sem er sem hér segir:

Fasteign	33 ár
Bifreiðar	5-8 ár
Áhöld og búnaður	5-7 ár

Hagnaður/tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af rekstrarhagnaði (-tapi).

1.5 Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og er hlutdeild í afkomu færð til tekna í rekstrarreikningi. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

1.6 Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2018. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

1.7 Fjárfestingarverðbréf

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreykingur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

1.9 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sambandsins.

1.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

1.11 Hlutfé

Almennt hlutfé er flokkað sem eigið fé.

1.12 Tekjuskattur

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færist til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattskuldbinding eða -inngeld. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna innlausnar tekna og gjalda.

Tekjuskattskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

1.14 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

1.15 Samanburðarfrjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfrjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs en hluti af starfsemi félagsins var færður yfir til dótturfélaga þess og eru tekjur og gjöld vegna þeirrar starfsemi sýnd sem "aflögð starfsemi".

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. mótaðilaáhætta, áhrif breytinga á gengi verðbréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:

	2019	2018
Vinnulaun	22.619.058	28.521.936
Tryggingagjald	1.808.551	2.338.617
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.038.074	3.687.602
Sjúkra og orlofssjóðir	260.798	512.198
Áunnið orlof	34.616	(823.131)
Annar starfsmannakostnaður	571.418	405.717
	<u>28.332.515</u>	<u>34.642.939</u>

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum	135.976	395.233
Aðrar vaxtatekjur	77.185	39.684
Heildarverð 1/1	<u>213.161</u>	<u>434.917</u>

Fjármagnsgjöld

Dráttarvextir	(6.532)	(40.408)
Vaxtagjöld	0	(27.467)
Heildarverð 1/1	<u>(6.532)</u>	<u>(67.875)</u>

Markaðsverðbréf

Markaðsverðbréf	3.352.549	1.447.421
	<u>3.559.178</u>	<u>1.814.463</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1/1	54.024.134	5.882.302	8.144.998	68.051.434
Afskrifað 1/1	(37.068.026)	(5.339.853)	(5.686.226)	(48.094.105)
	<u>16.956.108</u>	<u>542.449</u>	<u>2.458.772</u>	<u>19.957.329</u>
Selt á árinu	0	0	0	0
Afskrift ársins	(1.620.723)	(36.625)	(349.570)	(2.006.918)
Bókfært verð 31/12	<u>15.335.385</u>	<u>505.824</u>	<u>2.109.202</u>	<u>17.950.411</u>
Stofnverð 31/12	54.024.134	5.882.302	8.144.998	68.051.434
Afskriftarhlutföll	3%	20%	15%	
Fasteignamat og brunabótamat fasteignar				
		Fasteignamat hús og lóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Austurvegur 1-5, Árborg		96.800.000	156.900.000	15.335.385

Skýringar

6. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

Dótturfélög

	Hlutdeild	Nafnverð	Starfsemi
Stóra Ármót ehf	100%	10.000.000	Tilraunabú
Kynbótastöð ehf	100%	500.000	Kynbótastöð
Bændabókhald ehf	100%	500.000	Bókhald/ráðgjöf

	2019	2018
Staða 1/1	85.488.521	93.346.902
Hlutdeild í afkomu	10.075.608	(7.858.381)
	<u>95.564.129</u>	<u>85.488.521</u>

Aðrir eignarhlutir

Stofnsjóður SS	0,00%	46.917	46.917
Hlutafé Ístex	0,00%	16.248	16.248
Hlutafé í Nautgripærktarmiðstöð	33,33%	166.667	166.667
		<u>229.832</u>	<u>229.832</u>

Eignarhlutur í Nautgripærktarmiðstöðinni ehf er færður á kostnaðarverði.

7. Peningalegar eignir, aðrar en markaðsverðbréf

	2019	2018
Peningalegar eignir greinast þannig:		
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Innlendar viðskiptakröfur	3.464.171	7.205.217
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(912.926)	(946.819)
	<u>2.551.245</u>	<u>6.258.398</u>
Aðrar skammtímakröfur		
Fjármagnstekjuskattur	974.450	814.415
Handbært fé		
Óbundnar bankainnistæður	11.768.798	11.368.567
Sjóður	50.631	76.163
	<u>11.819.429</u>	<u>11.444.730</u>

Skýringar

	2019	2018
8. Markaðsverðbréf		
Markaðsverðbréf greinast þannig:		
Staða 1/1	60.434.074	59.730.083
Fjármagnstekjuskattur afdreginn	(859.789)	(757.511)
Verðbreyting	314.683	1.461.502
	<u>59.888.968</u>	<u>60.434.074</u>
Varúðarniðurfærsla 1/1	(1.208.682)	(1.194.601)
Breyting varúðarniðurfærslu	(632.048)	(14.081)
	<u>(1.197.779)</u>	<u>(1.208.682)</u>
Staða 31/12	<u>58.691.189</u>	<u>59.225.392</u>

9. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Eigið fé 1/1 2018	254.644.736
Hagnaður (tap) ársins	<u>(7.304.008)</u>
Eigið fé 1/1 2019	247.340.728
Hagnaður ársins	<u>9.073.266</u>
Eigið fé 31/12 2019	<u>256.413.994</u>

10. Tekjuskattsskuldbinding

Reiknaðir skattar í efnahag eru samkvæmt skattframtali félagsins. Tekjuskattsskuldbinding er uppfærð í efnahagsreikningi.

Staða 1/1 2018	(4.438.314)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2018	(271.437)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2019	<u>0</u>
Tekjuskattsskuldbinding 1/1 2019	(4.709.751)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2019	246.311
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020	<u>0</u>
Tekjuskattsskuldbinding 31/12 2019	<u>(4.463.440)</u>

Tekjuskattsskuldbinding (inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 31.12.	Staða 1.1.
Varanlegir rekstrarfjármunir	(1.702.477)	(1.702.477)
Viðskiptakröfur	0	0
Markaðsverðbréf	(9.069.230)	(9.069.230)
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	6.308.267	6.061.956
	<u>(4.463.440)</u>	<u>(4.709.751)</u>

Skýringar

11. Peningalegar skuldir

	2019	2018
Viðskiptaskuldir greinast þannig:		
Innlendar viðskiptaskuldir	1.988.560	2.432.773
Aðrar skammtímaskuldir		
Virðisaukaskattur	3.506.210	2.104.607
Ógreiddur kostnaður og aðrir liðir	3.375.760	2.767.451
Afmælisgjafasjóður	2.967.090	2.967.090
	<u>9.849.060</u>	<u>7.839.148</u>

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint, þ.m.t. eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félögum samstæðunnar, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipt og stöður við tengda aðila	2019	2018
<i>Kröfur</i>		
Kröfur á dótturfélög	91.433.906	82.527.823
Kröfur á hlutdeildarfélag	32.938	0
<i>Skuldir:</i>		
Bændabókhald ehf	6.532.473	3.624.040
<i>Hlutdeild í kostnaði:</i>		
Hlutdeild dótturfélaga í rekstrarkostnaði móðurfélags	13.579.676	13.579.676
<i>Aðkeypt frá dótturfélögum:</i>		
Aðkeypt þjónusta	10.794.326	8.434.771

13. Aðrar upplýsingar

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum sambandsins.

Ábyrgðir

Ábyrgðarskuldbindingar að fjárhæð kr. 3 milljónir króna hvíla á sambandinu vegna Stóra Ármóts ehf og kr. 33,3 milljónir vegna Nautgripæræktarmiðstöðvar Íslands ehf.

Skýringar

Samstæðuyfirlit rekstrar ársins 2019

Búnaðarsamband Suðurlands og dótturfélög, Kynbótastöð ehf, Bændabókhald ehf og Stóra Ármót ehf

	BSSL	Kynbótastöð	Bændabókhald	Stóra Ármót	Samtals
Rekstrartekjur samtals					
Seld þjónusta og afurðir	31.996.185	77.960.011	43.850.943	52.369.924	206.177.063
Starfsfé	13.026.433	90.518.332	0		103.544.765
Aðrar tekjur	11.696.080	1.856.392	0	10.787.700	24.340.172
Innbyrðis sala færð út					(24.374.002)
Rekstrartekjur samtals	56.718.698	170.334.735	43.850.943	63.157.624	309.687.998
Rekstrargjöld					
Rekstarvörur	537.625	44.094.291	0	17.516.998	62.148.914
Aðkeypt þjónusta	0	22.645.518	0	14.875.930	37.521.448
Laun og tengd gjöld	28.332.515	63.831.735	37.333.428		129.497.678
Bifreiða og ferðakostnaður	3.889.861	16.077.122	0	5.100.932	25.067.915
Annar rekstrarkostnaður	26.759.610	16.046.638	6.498.132	15.591.088	64.895.468
Innbyrðis kaup færð út	0				(24.374.002)
Afskriftir	2.006.918	3.507.293	0	5.767.491	11.281.702
	61.526.529	166.202.597	43.831.560	58.852.439	306.039.123
Rekstrarhagnaður (tap)	(4.807.831)	4.132.138	19.383	4.305.185	3.648.875
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)					
Vaxtatekjur og verðbætur	213.161	559.608	145.317	1.669.727	2.587.813
Markaðsverðbréf	3.352.549	0	0	0	3.352.549
Vaxtagjöld og verðbætur	(6.532)	39.856	(95.196)	(28.761)	(90.633)
	3.559.178	599.464	50.121	1.640.966	5.849.729
Hagnaður fyrir hlutdeildartekjur	(1.248.653)	4.731.602	69.504	5.946.151	9.498.604
Hlutdeildar- og dótturfélög	10.075.608	0	0	0	0
Hagnaður fyrir skatta	8.826.955	4.731.602	69.504	5.946.151	9.498.604
Tekjuskattur (lækkun)	(246.311)	0	(74.061)	745.710	425.338
Hagnaður ársins	9.073.266	4.731.602	143.565	5.200.441	9.073.266

Skýringar

Samstæðuefnahagsreikningur 31. desember 2019

	BSSL	Kynbótastöð	Bændabókhald	Stóra Ármót	Samtals
Eignir					
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir og lóðir	15.335.383	395.227	0	49.797.307	65.527.917
Bifreiðar, áhöld og tæki	2.615.026	23.133.942	0	19.535.530	45.284.498
Óefnislegar eigir	0	0	0	186.816	186.816
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	17.950.409	23.529.169	0	69.519.653	110.999.231
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Fjárfestingaverðbréf	229.832	0	0	43.329.676	43.559.508
Dótturfélög	95.564.129	0	0	0	95.564.129
Dótturfélög færð út					(95.564.129)
	95.793.961	0	0	43.329.676	43.559.508
Fastafjármunir samtals	113.744.370	23.529.169	0	112.849.329	154.558.739
Veltufjármunir					
Viðskiptakröfur	2.551.245	10.950.835	3.679.687	4.993.212	22.174.979
Tengdir aðilar, kröfur	91.466.844	0	6.532.473	0	97.999.317
Innbyrðis stöður færðar út					(119.506.432)
Bústofn	0	1.142.800	0	11.162.100	12.304.900
Aðrar kröfur og ffgr. kostnaður	974.450	2.423.540	16.559	3.258.237	6.672.786
Markaðsverðbréf	58.691.189	10.228.201	0	0	68.919.390
Handbært fé	11.819.429	34.205.431	1.561.455	18.306.473	65.892.788
	165.503.157	58.950.807	11.790.174	37.720.022	154.457.728
Eignir samtals	279.247.527	82.479.976	11.790.174	150.569.351	309.016.467
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Hlutfé og yfirverðsreikningur	0	500.000	500.000	40.000.000	41.000.000
Óráðstafað eigið fé og óinnleystur hagnaður	256.413.994	(12.204.724)	2.271.564	64.771.289	311.252.123
Eigið fé dótturfélaga fært út					(95.564.129)
	256.413.994	(11.704.724)	2.271.564	104.771.289	256.687.994
Skuldir					
Skuldbindingar:					
Tekjuskattskuldbinding	4.463.440	0	0	6.815.296	11.278.736
Skuldir:					
Skuld við tengda aðila	6.532.473	80.202.568	1.479.707	31.291.684	119.506.432
Viðskiptaskuldir	1.988.560	7.993.312	302.628	7.204.082	17.488.582
Ýmsar skammtímaskuldir	9.849.060	5.988.820	7.236.275	0	23.074.155
Innbyrðis stöður færðar út					(119.506.432)
Skattar ársins	0	0	0	487.000	487.000
	18.370.093	94.184.700	9.018.610	38.982.766	41.049.737
Skuldir samtals	22.833.533	94.184.700	9.018.610	45.798.062	52.328.473
Eigið fé og skuldir samtals	279.247.527	82.479.976	11.790.174	150.569.351	309.016.467

Skýringar

Sundurliðanir, Búnaðarsamband Suðurlands

	2019	2018
Seld þjónusta		
Seld þjónusta	31.432.222	37.043.244
Sala bóka	72.947	41.520
Tekjur vegna námskeiða	8.000	0
	<u>31.513.169</u>	<u>37.084.764</u>
Starfsfé		
MAST vegna úttekta	5.549.630	5.397.548
Búnaðarfélag árgjöld	6.994.500	5.560.000
Annað	574.303	5.503.791
	<u>13.118.433</u>	<u>16.461.339</u>
Aðrar tekjur		
Leigutekjur	11.696.080	13.483.310
Námskeið	483.016	418.632
Tryggingabætur	0	278.558
Söluhagnaður eigna	0	979.250
	<u>12.179.096</u>	<u>15.159.750</u>
Kostnaðarverð seldra vara		
Aðföng til endursölu	537.625	536.294
	<u>537.625</u>	<u>536.294</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Vinnulaun	21.844.058	27.741.936
Stjórnarlaun	775.000	780.000
Tryggingagjald	1.808.551	2.338.617
Mótframlag í lífeyrissjóð	3.038.074	3.687.602
Sjúkra- og orlofssjóðir	260.798	512.198
Starfsmannatryggingar	89.770	66.976
Áunnið orlof	34.616	(823.131)
Námskeiðskostnaður	46.900	83.563
Annar starfsmannakostnaður	434.748	255.178
	<u>28.332.515</u>	<u>34.642.939</u>

Skýringar

	2019	2018
Bifreiða- og ferðakostnaður		
Ferðakostnaður starfsmanna	1.182.800	1.613.468
Bifreiðaafnot	1.446.058	1.698.500
Bensín og olíur	515.559	633.998
Viðgerðir	17.746	820.563
Dekkjakostnaður	436.510	103.605
Skattur og tryggingar	283.335	538.377
Aðkeyptur akstur	7.853	65.045
Smurning	0	15.473
Ýmis kostnaður	0	65.484
	3.889.861	5.554.513

Annar kostnaður

Fasteignagjöld	2.181.086	1.790.909
Vátrygging húsnæðis	183.606	163.188
Rafmagn og hiti	391.322	420.410
Ræsting og hreinlætisvörur	552.197	371.679
Viðhald húsnæðis	930.459	985.371
Húsaleiga	383.545	1.052.035
Annar húsnæðiskostnaður	1.316.702	1.288.353
Áhaldakostnaður	2.371	632.669
Auglýsingar	90.660	53.182
Endurskoðun og reikningsskil	926.100	1.852.813
Fundakostnaður	1.520.055	2.237.399
Handbækur og fagrit	5.270	2.613
Kaffistofa, mötuneyti og risna	1.085.417	980.190
Pappír, prentun og ritföng	331.631	670.594
Póstur og sendingarkostnaður	235.128	262.474
Sími	484.502	446.552
Sérfræðiaðstoð	374.100	1.441.216
Styrkir og framlög	149.155	140.965
Tölvukostnaður	1.343.459	2.281.973
Útgáfukostnaður, heimasíða og vefir	1.879.987	1.498.396
Niðurfærsla krafna	(33.893)	(771.555)
Þjónustugjöld og bankakostnaður	108.094	176.382
Annar kostnaður	1.460.044	493.265
Þátttaka í kostnaði annarra deilda	10.794.326	8.434.771
	26.695.323	26.905.844



Búnaðarsamband Suðurlands

Hagnýtar upplýsingar

Heimilisfang: Austurvegi 1 | 800 Selfoss | Sími: 480 1800 | www.bssl.is

Starfsfólk:

	Netföng	Sími
Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri	sveinn@bssl.is	480-1801
Helga Sigurðardóttir, bókhald, netsjórn, ofl.	helga@bssl.is	480-1804
Brynja Marvinsdóttir, móttaka, skráning ofl.	bssl@bssl.is	480-1800

Starfsmenn Bændabókhalds ehf. og starfsstöð

Ólafur Þór Þórarinsson, Selfossi	oli@bssl.is	480-1802
Björg Agnarsdóttir, Selfossi	bjorg@bssl.is	480-1832
Hansína Kristjánsdóttir, Selfossi	hansina@bssl.is	480-1831
Gunnar Ríkharðsson, Selfossi	gunnar@bssl.is	480-1833
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti	eikiblei@mi.is	486-8987
Sigrún Böðvarsdóttir, Kirkjubæjarklaustri	sigrun@bssl.is	480-1819

Stóra-Ármót

Hilda Pálmadóttir og Höskuldur Gunnarsson, bústjórar	stora-armot@internet.is	482-1058
--	--	----------

Starfsmenn Kynbótastöðvar ehf. og starfssvæði:

Bragi Ágústsson	Hluti Flóa, Skeið, Vesturhluti Árn.	871-2056
Úlfhéðinn Sigurmundsson	Hreppar, hluti Tungna	871-5563
Guðmundur Jón Skúlason	Rangárþing frá V-Landeyjum. Hluti Flóa	871-8611
Hermann Árnason	Frá Vík að vesturhluta Landeyja	871-1410
Sigríður Böðvarsdóttir	Skaftárhreppur	871-4719

Klaufskurður Kynbótastöðvar ehf. pantanir:

Birkir Þrastarson, Hæli	897-4482
-------------------------	----------

Kynbótastöð ehf. (sauðfjársæðingar og kúasæðingar):

Sveinn Sigurmundsson	480-1801
----------------------	----------

Minnum á heimasíðuna bssl.is